

Öryggisleiðbeiningar

1. Verslunarheiti efnis - innflytjandi/framleiðandi

EPX-V GOLVFÄRG KOMP A

Slippfélagið Málningarverksmiðja

Dugguvogi 4

Vörunúmer:

104 Reykjavík

5014 XXXX

Sími: 5 888 000

Bréfsími: 568 92 55

Eitrunarupplýsingamiðstöð Sjúkrahúss Reykjavíkur veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 525 11 11

2. Samsetning - upplýsingar um innihald

Efni:	EINECS-nr.	CAS-nr.	magn (P %)	Varnaðarmerki	H.-setn. nr.	Mengunarmörk í lofti á vinnustað meðaltal mg/m ³
polýamín-epoxý bindiefni	-	-	15-25	Xn	22, 41	-

3. Varúðarupplýsingar

Hættulegt við inntöku. Hætta á alvarlegum augnskaða.

4. Skyndihjálp

Almennt:

Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið þessar leiðbeiningar.

Snerting við húð:

Fjarlægið menguð föt. Þvoið með sápu og miklu af vatni. Notið ekki þynna eða leysa.

Slettur í augu:

Fjarlægið linsur ef þær eru notaðar. Skolið augun með miklu vatni í a.m.k. 15 mín., hafið augun opin á meðan. Leitið til læknis.

Innöndun:

Hvílist undir fersku lofti.

Inntaka:

Hafið samband við lækni ef mikið hefur verið tekið inn.

Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

5. Bruni - aðferðir við slökkvistarf

Viðeigandi slökkviefni:

alkóhólþolin froða, kolsýra, duft eða vatnsúði.

Notið ekki kraftmiklar brunaslöngur við slökkvistarf. Notið ferskloftsgrímur við slökkvistarf. Við bruna geta hættulegar gufur losnað úr efninu. Notið vatn til að kæla birgðir af efninu. Hindrið að afrennsli slökkviefna berist í niðurföll.

6. Efnaleki

Haldið fólki fjarri. Notið viðeigandi persónuhlífar. Notið ísogsefni s.s. sand eða kísilgúr til að þrifa efnið upp. Efnið má ekki komast í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

7. Meðhöndlun og geymsla

Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun hættulegra efna.
 Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar.
 Geymið í vel luktum umbúðum á þurrum og vel loftræstum stað. Má ekki frjósa.
 Neysla matar, drykkja og tóbaks er bönnuð meðan unnið er með efnið. Fylgið fyrirmælum á umbúðum.

8. Eftirlit með mengun - persónuhlífar

Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Þörf getur verið á staðbundinni loftræstingu ef mengun er mikil.
Til hlífðar öndunarfærum: efnaþolnar öndunargrímur (ferskloftsgrímur ef efninu er úðað).
Til hlífðar höndum: efnaþolnir hanskar og græðandi krem.
Til hlífðar augum: gleraugu eða andlitshlíf. Hafið augnskol á vísum stað.
 Notið viðeigandi vinnugalla og haldið honum aðskildum frá öðrum fatnaði.
 Þvoðið ykkur um hendur áður en hlé verður á vinnu (hvíldar- og matartímar).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

		Mælt skv.
Útlit:	seigur vökvi	
Litur:	-	
Lykt:	ammoníaklykt	
Eðlisþyngd:	1,1 g/cm ³	
Rúmþyngd:	-	
Gufubrýstingur:	-	
Leysni í vatni:	blandast	
Hlutfall lífrænna leysa:	-	
pH-gildi:	8	
Íkveikjumark:	> 150 °C	

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Efnið er stöðugt við tilætlaða notkun. Við háan hita geta kol- og nitroxíð losnað úr efninu. Forðist návist oxara, sýrna og basa, vegna útverminna efnahverfa sem verða milli efnanna.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar

Innöndun:	Getur ert slímhúð í öndunarfærum.
Snerting við húð:	Ítrekuð snerting getur ert húð.
Snerting við augu:	Ertir og getur valdið alvarlegum augnskaða.
Inntaka:	Hættulegt við inntöku.
LD 50:	inntaka, rotta: 511 mg/kg.

12. Hættur gagnvart umhverfinu

Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg. Ekki er talið að líffræðilegt niðurbrot gangi greiðlega.

13. Förgun

Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

14. Flutningur

Ekki þarf að merkja efnið sérstaklega vegna flutnings.

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 og upplýsingar frá framleiðanda.

Varnaðarmerki: Xi

Varnaðarorð: Ertandi

Inniheldur: pólýamínbindiefni.

Hættusetningar:

H22

Hættulegt við inntöku.

H41

Hætta á alvarlegum augnskaða.

Varúðarsetningar:

V2

Geymist þar sem börn ná ekki til.

V26

Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega með miklu vatni og leitið lækni.

V39

Notið hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

V46

Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

Þessar leiðbeiningar eru byggðar á eftirfarandi reglum:

498/1996

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

236/1990

Reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

48/1994

Mengunarvarnareglugerð (með breytingum 378 og 536/1994).



16. Aðrar upplýsingar

Þessar upplýsingar eru gefnar samkvæmt tiltækum upplýsingum frá hráefnaframleiðendum. Þær eru settar fram skv. fyrirmælum Vinnueftirlits Ríkisins og í samræmi við íslenskar reglugerðir. Í sumum tilvikum ná íslenskar reglugerðir ekki yfir efnisþætti og var þá fylgt upplýsingum frá framleiðanda.

Þessar leiðbeiningar voru þýddar og staðfærðar af Sigurði Ásbjörnssyni fyrir framleiðanda.

Liðir sem hafa breyst frá fyrri útgáfu eru með krossmarki efst í hægra horni.

" - " Þýðir að upplýsingar eru ekki tiltækar eða að viðkomandi liður eigi ekki við.